



Erindisbréf

Nefnd um endurskoðun á heilsufarsstefnu LSS

Stjórn LSS skipar eftirfarandi aðila í nefnd vegna endurskoðunar á heilsufarsstefnu LSS og SNS, sem fylgir kjarasamningi.

Nefndina skipar:

Bjarni Ingimarsson, bjarnii@shs.is, formaður s: 699 4159

Ásgeir Þórisson, asgth@simnet.is s: 899 5335

Gunnar Jón Ólafsson, gunnarjonbondi@simnet.is s: 849 8108

Ómar Ágústson, omara@shs.is s: 893 5852

Elías Níelsson, sjúkraþjálfari SHS, eliasn@shs.is s:

Tengiliður stjórnar

Magnús Smári Smáráson, formaður LSS, magnuss@lsos.is s: 691 1513

Gildistími skipunar: Maí 2020 – desember 2020.

Markmið nefndarinnar verða eftirfarandi:

- Að fylgja eftir bókun 9 í kjarasamningi LSS og SNS sem er svohljóðandi:
„BÓKUN 9 [2020] Endurskoðun heilsufarsstefnu. LSS mun skipa starfshóp til að endurskoða heilsufarsstefnu sem fylgir kjarasamningi þessum og skal lögð fyrir SNS til samþykktar. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. desember 2020.“
- Að samræma heilsufarsstefnu LSS og leggja til samþykktar hjá brunasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Starfshættir

Formaður ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréflæg eða rafræn og send öðrum í vinnuhópnum, ásamt framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundað skal svo oft sem þurfa þykir. Halda skal fundargerð. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar. Nefndin getur eftir atvikum óskað eftir liðsinni starfsmanna LSS, stjórnarmanna eða annarra sem þeir telja geta veitt ráðgjöf. Stjórnarmenn LSS hafa rétt á að sitja fundi vinnuhópsins með málfrelsi og tillögurétt.

Vonast er til að vinnuhópurinn skili eftirfarandi árangri:

- Að nefndin skili af sér uppfærði heilsufarsstefnu sem tekur mið af ábendingum félagsmanna og byggir á ályktun eldri starfsmanna í þrekprófum sem samþykkt var á 16. þingi LSS um þol og þrekpróf.

Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. Nefnd þessi tilheyrir félagssviði LSS og er öll vinna því tengdu sjálfboðaliðavinna. Um er að ræða leiðbeinandi



heilsufarsstefnu sem fær að fylgja kjarasamningi. Öll fjárútlát þarf að vinna í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra LSS.

Starfsmaður nefndarinnar: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 21. ágúst 2020

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður